

# Almennir tryggingarskilmálar fyrir Future Pension Classic

## Réttindi

- § 1 Hvaða réttindi veitum við?  
§ 2 Hvernig er ágóðahlutdeild greidd?  
§ 3 Hvenær byrjar tryggingavernd?  
§ 4 Hvaða reglum þarf að fylgja þegar gerð er krafa úr tryggingunni?  
§ 5 Hver er þýðing tryggingarskírteinis?  
§ 6 Hverjir geta fengið bætur?

## Iðgjaldsgreiðslur

- § 7 Hvers þarf að gæta við iðgjaldsgreiðslur?  
§ 8 Hvernig er aukalegt iðgjald greitt?  
§ 9 Hvernig geta iðgjaldsgreiðslur verið hækkaðar eða lækkaðar?  
§ 10 Hvað gerist ef iðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

## Uppsögn eða undanþága frá iðgjaldagreiðslum

- § 11 Hvenær getur þú sagt upp samningnum og hvaða réttindi veitum við?

- § 12 Hvenær getur þú gert samninginn iðgjaldsfrían og hvaða áhrif hefur það á réttindi hans?  
§ 13 Hvernig er kostnaður við samning þinn fjármagnaður?

## Önnur samningsákvæði

- § 14 Hvað gildir ef þú breytir pósthafi þínu eða nafni?  
§ 15 Hver er önnur upplýsingaskylda þín?  
§ 16 Hvaða kostnað getum við innheimt sérstaklegar?  
§ 17 Hvaða lög gilda um samning þinn?  
§ 18 Hvaða dómstóll hefur lögsögu?  
§ 19 Hvern getur þú haft samband við ef þú er óánægður með þjónustu okkar?  
§ 20 Hvað gerist ef einhver samningsákvæði eru ógild?

## § 1

### Hvaða réttindi veitum við?

- (1) Ef hinn váttryggði (þ.e. sú persóna sem tryggingin tekur til) lifir til samþykktis ellilífeyrisaldurs, þá greiðist ævilangur ellilífeyrir með tryggðu ellilífeyristímabili. Einnig er hægt að velja summugreiðslu lífeyris (sjá gr.8) sem eingreiðslu. Ef að kosið er að flýta upphafi lífeyris er einnig mögulegt að fá tímabundin lífeyri (sjá gr.7). Ef að hinn váttryggði deyr á söfnunartíma (það er tímabilið frá gildistöku tryggingarinnar og þar til lífeyrisgreiðslur hefjast), þá greiðir tryggingin dánarbætur (sjá gr. 1.12). Dánarbætur eru einnig greiddar í tilfelli andláts eftir að lífeyrisgreiðslur hefjast, á tímabili tryggðs lífeyris (sjá gr. 10). Þessi lífeyristrygging er gerð samkvæmt iðgjaldaskrá FPC 1. Einstök ákvæði samningsins er að finna í tryggingarskírteini.

### Réttindi þín frá upphafi lífeyristöku

- (2) Ef hinn váttryggði lifir að fram að samþykktum upphafsdegi lífeyris og reiknaður lífeyrir (sjá gr. 2.7) nær að minnsta kosti € 300 á ári (lágmarks árlegur lífeyrir), munum við greiða jafnan lífeyri ævilangt. Upphaflega umsamið upphaf lífeyris er fyrsti dagur næsta mánaðar eftir 67 ára afmæli hins váttryggða. Við greiðum lífeyrinn mánaðarlega á umsömdum gjaldögum. Við greiðum þennan lífeyri svo lengi sem hinn váttryggði lifir. Ef árlegum lágmarkslífeyri er ekki náð við upphaflega umsamið upphaf lífeyris er eingreiðsla greidd út og samningnum lýkur.
- (3) Fjárhæð tryggða lífeyrisins er reiknuð út frá tryggingafræðilegri tryggingaskuld sem er til staðar við upphaf lífeyris-samnings þíns (við reiknum tryggingafræðilega tryggingaskuld út frá iðgjöldum sem greidd eru samkvæmt samningnum að frádregnum kostnaði og gjöldum í samræmi við greiðslumáta. Það þjónar þeim tilgangi að tryggja tryggingavernd á öllum tímum). Tryggði lífeyririnn er reiknaður með tryggingafræðilegum vöxtum 0,25% og kynóháðri dánartíðni miðað kynjablandaða tryggingafræðilega dánarlíkutöflu úr DAV 200. Fjárhæð tryggða lífeyrisins er reiknuð út með hliðsjón af upphafi lífeyrisins og lengd tryggða lífeyristímabilsins (sjá 10. mgr.). Við sýnum tryggða lífeyrinn við umsamið upphaf lífeyrisins í tryggingarskírteini þínu. Ef upphafi töku lífeyris er breytt (sjá 9. og 10. mgr.) endur-reiknum við lágmarkslífeyrinn með fyrrnefndum reiknigrunnum (tryggingafræðilegum vöxtum og dánarlíkutöflu) við nýtt upphaf töku lífeyris.

### Breyting á upphafsdegi lífeyristöku

- (4) Þú getur **frestað** fyrirhuguðu upphafi lífeyristöku áður en hún hefst. Hægt er að fresta upphafi lífeyristöku um eitt eða fleiri heil ár innan kalltímabils með eins mánaðar fyrirvara. Kalltímabilið hefst á samþykktum upphafsdegi lífeyristöku og lýkur fyrsta dag næsta mánaðar eftir 85 ára afmælisdag hins váttryggða. Á kalltímabili er hægt að greiða frekari iðgjöld þar til lífeyristaka hefst.
- (5) Þú getur **flytt** upphafi lífeyristöku. Það þýðir að hægt er að óska eftir lífeyrinum áður en upphaflega var samið um töku lífeyris með eins mánaðar fyrirvara til fyrsta hvers mánaðar (þ.e. hægt er að sækja um á textaformi að lífeyrisgreiðslan hefjist fyrsta viðkomandi mánaðar). Hægt er að óska lífeyrisins fyrr ef taka hans hefst að hámarki fimm árum fyrir upphaflega umsamda byrjun lífeyristöku (sjá 2. mgr.). Einnig er hægt að taka lífeyrinn út á kalltímabilinu (sjá 4. mgr.) með eins mánaðar fyrirvara fyrir fyrsta hvers mánaðar. Iðgjaldagreiðslum lýkur við upphaf lífeyrisröku hafi það ekki þegar átt sér stað.
- (6) Reikna skal út fjárhæð frestaðs eða snemmttekens lífeyris samkvæmt viðurkenndum tryggingafræðilegum reglum í samræmi við gr. 2.7, þar sem tryggði lífeyririnn, sem tilgreindur er í váttryggingarsamningnum, skal endurreiknaður miðað við upphafsdag lífeyris í samræmi við 3. mgr.. Öll iðgjöld sem eru í vanskilum skulu dregin frá því fjármunum sem eru til ráðstöfunar til að mynda snemmttekinn lífeyrinn. Ef upphafsdegi lífeyris er breytt er lífeyristryggingartímabilið ákvarðað í samræmi við nýja upphafsdaginn (sjá 10. mgr.). Ef þú hefur sótt um að lífeyrir hefjist áður en upphaflega var samið um töku lífeyris og lífeyrir sem endurreiknaður er fyrir þann dag nær ekki lágmarks árlegum lífeyri 300 evrum, greiðum við tímabundinn lífeyri í stað ævilangs lífeyris (sjá grein 7). Ef lágmarks árlegur lífeyrir að upphæð € 300 næst ekki við upphaf lífeyris meðan á kalltímabili stendur er eingreiðsla greidd út og samningnum lýkur.

### Greiðsla tímabundins lífeyris

- (7) Hægt er að velja að fá lífeyrinn greiddan sem tímabundin lífeyri ef að hann er snemmtekin (tímalífeyrir er greiddur út á fyrirfram ákveðnu tímabili en ekki ævilangt). Lengd lífeyris er mældur í heilum árum og lýkur við upphaflega umsamin upphafsdag lífeyris. Ef upphaflega umsamið upphaf lífeyris fellur ekki til á ársafmæli tekens tímalífeyris, lýkur honum á fyrsta afmælisdegi hans þar á eftir miðað við upphaflega umsamda upphafsdag lífeyrisins. Tímabundinn lífeyrir er greiddur út mánaðarlega. Fjárhæð

tímabundins lífeyris er ákvörðuð af þeim fjármunum sem eru tiltækir við upphaf lífeyris (sjá gr. 2.7). Ef lágmarks árlegum lífeyri € 300 er ekki náð, er tiltækt fjármagn greitt út og samningnum lýkur.

### Valkostur um eingreiðslu við upphaf lífeyrisréttar

(8) Þú hefur rétt á eingreiðslu lífeyris (fullt lífeyrisuppgjör) greidda frá okkur í staðinn fyrir jafnan lífeyri. Þú getur líka fengið hluta lífeyriseignar greiddan í eingreiðslu (lífeyrisuppgjör að hluta). Eingreiðsluppgjör að öllu leyti eða hluta getur verið gert á upphaflega samþykktum upphafsdegi lífeyrisgreiðslna eða mánaðarlega á kalltímabili. Hinn váttryggði þarf að ná að lífa fram að þeirri dagsetningu. Umsókn um uppgjör á lífeyrisinneign að öllu leyti eða hluta, þarf að vera skrifleg og berast okkur með a.r.m.k. eins mánaðar fyrirvara á óskaðri dagsetningu uppgjör. Sé lífeyrisinneign gerð upp að hluta, þá mun fjárhæðin sem þú óskar eftir vera greidd út en fjárhæðin sem eftir stendur verður greidd út með jöfnum greiðslum. Þetta minnkar hinar reglulegu lífeyrisgreiðslur. Lífeyrisuppgjör að hluta er aðeins hægt ef að hin umbeðna upphæð leiðir ekki til að lágmarkslífeyrir (sjá 2. mgr.) eða minna standi eftir. Ef að lífeyrir er snemmtekin (sjá 5. mgr.) er ekki hægt að óska eingreiðslu.

### Tryggð réttindi í tilfelli andláts hins váttryggða

(9) Ef hinn váttryggði deyr fyrir umsamið upphaf lífeyristöku, þ.e. á söfnunartímabili, gildir eftirfarandi:  
Við greiðum að minnsta kosti samtíma tryggingafræðilega tryggingaskuld samningsins sem dánarbætur. Þessar bætur geta verið auknar með ágóðahlutdeild (sjá gr.2).

(10) Ef hinn váttryggði deyr eftir að taka lífeyris hefsta fara dánarbæturnar eftir tegund lífeyris.

(a) Ævilangar jafngreiðslur:  
Ef hinn váttryggði deyr á tímabili tryggðs lífeyris greiðum við staðgreiðsluverðmæti þess lífeyris sem hefði komið til greiðslu til loka tryggða tímabilsins ef andlátíð hefði ekki orðið sem einskiptisbætur vegna andláts.  
Tímabili tryggðs lífeyris er reiknað í heilum árum í samræmi við eftirfarandi töflu:

Aldur við upphaf lífeyris	Tryggður lífeyrir í árum
Upp að 75	85 að frádregnum upphafsaldri
76 to 80	10
81 to 85	5

Aldur við lífeyristöku er náttúrulegur aldur (*náttúrulegur aldur er sá fjöldi heilla ára sem hinn váttryggði hefur lifað á því tíma-marki*) hins váttryggða þegar lífeyristaka hefst.

Ef hinn váttryggði deyr eftir að tímabili tryggðs lífeyris lýkur greiðum við engar bætur við andlát hins váttryggða og samningurinn fellur úr gildi.

(b) Tímabundin lífeyrir:

Ef hinn váttryggði deyr meðan tímabundinn lífeyrir er greiddur (sjá 7. mgr.) munum við greiða samtíma stærðfræðilega tryggingaskuld tímabundins lífeyris sem einskiptisbætur vegna andláts.

### Stærðfræðilegur grunnur fyrir töku lífeyris

(11) Áður en taka lífeyris hefsta er samningurinn reiknaður með 0,25% tryggingafræðilegum vöxtum og töflu yfir óháða dánartíðni kynjanna sem blandaða töflu úr DAV 2004R dánartölutöflum karla og kvenna. Þetta á einnig við um síðari breytingar á iðgjaldsgreiðslum (sjá gr. 9) eða viðbótar-greiðslur (sjá gr. 8).

### Endir samnings

(12) Samningnum lýkur við andlát, uppsögn, (fullt) eingreiðsluuppgjör eða við lok greiðslu tímabundins lífeyris.

### Réttindi þín til ágóðahlutdeildar

(13) Réttindi geta myndast til ágóðahlutdeildar (sjá gr 2).

## § 2

### Hvernig er ágóðahlutdeild reiknuð?

(1) Við munum veita þér hlutdeild í hagnaði og í verðmatssjóði (ágóðahlutdeild). Réttindi frá ágóðahlutdeild geta líka numið EUR 0.

Í neðangreindum málsgreinum útskýrum við:

- > hvernig við ákvörðum hagnað okkar fyrirtækis á fjárhagsári og hvernig við notum hann (2.mgr.)
- > hvernig samningur þinn fær hlutdeild í hagnaðinum (3. og 4. mgr.),
- > hvernig verðmatssjóður verður til og hvernig við ráðstöfum honum til samnings þíns (5. og 6. mgr.),
- > hvernig fjárhæð þíns lífeyris er reiknuð og hvernig þú færð hlutdeild í hagnaði og verðmatssjóði á meðan töku lífeyris stendur (7. og 8. mgr.),
- > hvers vegna við getum ekki lofað fjárhæð ágóðahlutdeildar til þíns samnings (9. gr.) og
- > hvernig við upplýsum þig um ágóðahlutdeild (10. og 11. mgr.).

### Hvernig ákvörðum við árlegan hagnað okkar fyrir viðskiptaár og hvernig notum við hann?

(2) Við ákvörðum hagnað okkar fyrirtækis (heildarhagnað) á fjárhagsári í samræmi við þýskar viðskipta- og eftirlitsreglur. Með samþykki á ársreikning, ákveðum við hvaða hlutfall heildarhagnaðar okkar verði ráðstafað til ágóðahlutdeildar allra okkar tryggingasamninga sem rétt eiga á ágóðahlutdeild. Þegar við gerum þetta tökum við tillit til lagalegra skyldna, sérstaklega reglugerðar um lágmarksfjármögnun (*Verordnung über die Mindestbeitragsrückerstattung in der Lebensversicherung*).

Við ráðstöfum þeim hluta heildarhagnaðar sem tilheyrir tryggingatæknilegum varasjóði, að því marki sem við höfum ekki fært hann til tryggingarsamninga sem eiga rétt til ágóðahlutdeildar. Hlutverk tryggingatæknilegs varasjóðs er að jafna út árlegar sveiflur hagnaðar. Tryggingatæknilegan varasjóð má bara nota til ágóðahlutdeildar tryggingartaka. Við megum eingöngu vikja frá því í sérstökum tilfellum, sem skilgreind eru í lögum, með samþykki eftirlitsyfirvalda.

### Réttindi þín til tiltekinnar þáttöku í hagnaði rísa ekki vegna framlaga til tryggingatæknilegs varasjóðs

### Hvernig fær samningur þinn ágóðahlutdeild ?

(3) Við höfum flokkað saman sambærilegar tryggingar (þ.e. lífeyrstryggingar, áhættulíftryggingar, örorkutryggingar) í arðsflokka. Við myndum arðsflokkana til þess að taka tillit til mismunandi váttryggingaráhættu. Þegar við úthlutum ágóðahlutdeild til einstakra samninga notum við þá aðferðarfræði að úthluta ágóða til þeirra viðskipta sem hann stafar frá (orsakaregla). Í þeim tilgangi getum við myndað undirflokk innar arðsflokka ef þörf krefur. Við ráðstöfum hagnaðarhlutdeildinni til þeirra arðsflokka, eða undirhópa þeirra, sem hafa átt þátt í myndun hagnaðarinnar. Ef að tryggingategund, eða arðshópur hefur ekki átt þátt í myndun hagnaðar, eignast þær ekki tilkall til ágóðahlutdeildar. Samningur þinn tilheyrir arðshóp 113 áður en kemur að lífeyristöku.

Samningur þinn mun fá eftirfarandi ágóðahlutdeildir fram að töku lífeyris.

### (a) Regluleg ágóðahlutdeild

Allir samningar fá greidda ágóðahlutdeild í formi reglulegrar ágóðahlutdeildar. Viðvarandi hlutdeild í hagnaði er greidd til samnings á fyrsta degi þess mánaðar sem váttryggður á afmæli og í fyrsta lagi einum mánuði eftir að samningur tók gildi.

Við ákvörðum fjárhæðina á eftirfarandi hátt: Tryggingafræðileg tryggingaskuld núvirt um eitt ár á tryggingafræðilegum vöxtum er margfölduð með yfirlýstri ágóðahlutdeild í eitt ár. Umsyslukostnaður sem nemur 0,25% (vegna iðgjaldsskyldra samninga) eða 0,40% (vegna iðgjaldsfrjálsra samninga) tryggingafræðrar tryggingaskuldar sem er núvirtur um eitt ár á tryggin-

gafraðilegum vöxtum, er tekinn árlega af samtíma ágóðahlutdeild. Hinsvegar þá er ágóðahlutdeild eftir frádrátt kostnaðar að lágmarki 0 %. Viðvarandi hagnaðarhlutdeild að frádrögnum kostnaði er safnað upp með vöxtum.

Sem frávik frá þessu þá er fjárhæðin ákvörðuð og kostnaður frádegin pro rate temporis í eftirfarandi tilfellum:

> Ár hefur ekki liði frá upphafi samnings.

> Aukalegt iðgjaldsframlag var greitt á næstliðnu ári.

> Reglulegt iðgjald var hækkað á næstliðnu ári.

Í tilfelli aukalegs iðgjaldsframlags eða hærri reglulegra iðgjaldsgreiðslna þá gildir þetta frávik eingöngu um tryggingafræðilega tryggingaskuld frá dagsetningu aukalega iðgjaldsframlagsins eða hækkaða reglulega iðgjaldsins.

Ef að upphaf lífeyrisgreiðslna er færmt frammar á árinu (þ.e. nýtt upphaf iðgjaldsgreiðslna fellur ekki til á fyrsta degi þess mánaðar sem hinn váttryggði á afmæli) (sjá gr.1.5) þá er hlutfallsleg (pro-rata) ágóðahlutdeild veitt og hlutfallslegur (pro-rata) kostnaður dregin frá við hið nýja upphaf lífeyrisgreiðslna.

Ef að þú hefur valið eingreiðsluuppgjör lífeyris í enda iðggjaldsgreiðslutímabils, þá munum við greiða út vaxtaberandi uppsafnaða ágóðahlutdeild.

Ef að hinn váttryggði deyr áður en lífeyrisgreiðslur hefjast greiðum við út vaxtaberandi uppsafnaða ágóðahlutdeild. Við birtum yfirlýsta viðvarandi ágóðahlutdeild (greiðsluskylda ágóðahlutdeild og uppsafnaða vexti hennar) í árskýrslu okkar. Fjárhæð hennar getur breyst á samningstíma þínum. Hún getur líka verið núll.

#### (b) Lokaágóðahlutdeild

Ef að hinn váttryggði lifir fram að upphafi lífeyristöku, veitum við lokaágóðahlutdeild til viðbótar við reglulega ágóðahlutdeild. Mælikvarði hennar er samtala allra greiddra iðgjalda (eingöngu fyrir rauniðgjöld) og reikningsstaða lokaágóðahlutdeilda.

Fjárhæð iðgjaldabundinnar lokaágóðahlutdeilda er ákvörðuð sem hér segir: Summa allra greiddra iðgjalda er margfölduð með reiknistuðli lokaágóðahlutdeilda sem er ákvarðaður fyrir hvert ár. Ef greiðslur hafa ekki borist til samnings þíns er lokaágóðahlutdeild minnkuð til samræmis við hvenær greiðslur hættu að berast. Í tilfelli eingreiðslu lífeyris við lok söfnunartíma er lokaágóðahlutdeild greidd út. Ef hinn váttryggði deyr áður en lífeyristímabil hefst er greidd skert lokaágóðahlutdeild. Í tilfelli samningsuppsagnar með útborgun er greidd skert ágóðahlutdeild eftir að uppsagnarfrestur er runnin út.

Reikningsstaða lokaágóðahlutdeilda samanstendur af ákvarðaðri árlegri ágóðahlutdeild. Hún er reiknuð frá reiknistuðli sem tengist greiðsluskyldri ágóðahlutdeild (sjá (a)) margfaldað með árlega yfirlýstri ágóðahlutdeild og við á pro rata temporis fyrir tilfallandi tímabil. Þessi lokaágóðahlutdeild getur líka verið endurreiknuð fyrir liðin ár. Ef að reiknistuðull lokaágóðahlutdeilda er lækkuð fyrir liðin ár, getur reikningsstaða lokaágóðahlutdeilda lækkað eða jafnvel orðið núll. Vextir eru greiddir á reikningsstöðu lokaágóðahlutdeilda en vaxtafótur er ákvarðaður árlega. Í tilfelli eingreiðsluuppgjör lífeyris í lok lífeyrisgreiðslutímabils er lokaágóðahlutdeild greidd út. Í tilfelli andláts hins váttryggða eða uppsagnar með útgreiðslu áður en lífeyrisgreiðslur hefjast, þá er hlutfallsleg (pro-rata) lokaágóðahlutdeild greidd út eftir að uppsagnarfresti lýkur.

Við birtum úthlutaða lokaágóðahlutdeild og vaxtafót lokaágóðahlutdeilda í ársreikning okkar. Þessi gildi geta breyst og þau geta líka verið ákvörðuð núll.

- (4) Stjórn okkar skal á hverju ári, að tillögu frá ábyrgum tryggingarstærðfræðing, ákvarða hvernig ágóðahlutdeild er ráðstafað og ákveða fjárhæð heildarágóðahlutdeilda (yfirlýsing um ágóðahlutdeild). Þegar það er gert skal tryggja að

ráðstöfunin sé samkvæmt orsakareglu.

Samningur þinn fær ágóðahlutdeild í samræmi við yfirlýsinguna um ágóðahlutdeild. Fjármagnið til þess er fengið frá rekstri fjárhagsársins í tilfelli beinna framlaga en að öðru leyti frá ákvæði um tryggingafræðilegan varasjóð.

#### Hvernig myndast virðismismunarsjóður og hvernig ráðstöfum við honum til samnings þíns?

- (5) Virðismismunarsjóður myndast ef að markaðsvirði fjárfestinga er hærra en bókfært virði þeirra samkvæmt viðskiptalöggjöf. Við ráðstöfum virðismismunarsjóð sem að heimfæra skal til tryggingarsamninga í samræmi viðeigandi löggjöf á hlutfallslegan hátt (pro-rata) til þeirra. Þegar við gerum svo gerum við það til þeirra fjárfestinga sem mynduðu virðismuninn (orsakaregla). Virðismismunarsjóður vegna fjárfestinga með föstum vöxtum skal eingöngu ráðstafa í samræmi við núverandi löggjöf (þ.e. § 139, 3. mgr. þýsku laganna um eftirlit með váttryggingarstarfsemi, VAG) að því marki sem þær eru umfram kröfur um áhættuvernd (þ.e. § 139, 4. mgr. VAG). Við ákvörðum fjárhæð virðismismunarsjóðs að minnsta kosti einu sinni á ári.

- (6) **Ef sparnaðartímabilinu lýkur** (vegna andláts, niðurfellingar eða lífað er fram að upphafi ævilangs lífeyris eða tímabundins lífeyris) gildir eftirfarandi: Við munum þá ráðstafa til samnings þíns þeim hluta virðismismunarsjóðs sem úthlutað er á þeim tímamarki í samræmi við viðeigandi réttarreglur. Hins vegar færðu lágmarkshlutdeild í þátttöku í verðmats-sjóði (fyrir viðvarandi iðgjaldsgreiðslur). Þessi lágmarkshlutdeild í verðmats-sjóði er ákvörðuð sem viðbótarlokagreiðsla í lok sparnaðartímabilsins. Við munum einnig veita þér hlutdeild í verðmats-sjóði á því tímabili sem þú tekur lífeyri (ævilangan lífeyri eða tímabundinn lífeyri) í samræmi við gildandi lög.

Eftirlitsreglur geta leitt til þess að hlutdeild í verðmats-sjóði falli niður í heild eða að hluta.

#### Hvernig eru fjárhæð þíns lífeyris reiknuð og hvernig færð þú ágóðahlutdeild og hlutdeild virðismismunarsjóðs þegar þú tekur lífeyri?

- (7) (a) Ef hinn váttryggði nær upphafi ævilangs lífeyris verður tryggingafræðileg tryggingaskuld við upphaf lífeyris (án fastrar ágóðahlutdeilda) deilt í jafngreiðslur ásamt endanlegri lokaágóðahlutdeild (sjá b-lið 3. mgr.) á grundvelli þeirra reiknireglna sem þá eru í gildi. Þú færð á hinn bóginn að minnsta kosti tryggðan, stöðugan lífeyri sem fram kemur í váttryggingarskírteininu (sjá gr. 1 3).

Auk þess er uppsöfnuð vaxtaberandi ágóðahlutdeild (sjá a-lið 3. mgr.) færð til jafngreiðslu ásamt hlutdeild í verðmats-sjóð (sjá 6. mgr.) á grundvelli útreikningsreglna sem þá eru í gildi

Útreikningsgrunnarnir eru dánartaflan sem notuð er og tryggingafræðilegir vextir.

Reiknigrunnarnir (dánartafla og tryggingafræðilegir vextir) sem gilda við upphaf töku lífeyris samsvara þeim reiknigrunnum sem við notum fyrir sambærilega lífeyristryggingu með jöfnum lífeyrisgreiðslum á þeim tíma. Ef við bjóðum ekki upp á slíka lífeyristryggingu munum við nota reiknigrunna sem tryggja að við getum staðið við skuldbindingar okkar af samningunum til lengri tíma lítið. Dánarlíkutafla skal hafa verið þróuð í samræmi við tryggingafræðilegar meginreglur. Kostnaður við töku lífeyris nemur 1,5% af reiknuðum lífeyri. Auk þess fellur til árlegur umsýslukostnaður sem nemur 0,10% af tryggingafræðilegri tryggingaskuld sem tekinn er úr henni og lækkar þannig vexti.

Ef útreikningsgrunnarnir sem gilda við upphaf lífeyris eru frábrugðnir þeim útreikningsgrunnum sem voru í gildi þegar váttryggingarskírteinið var fyrst gefið út og ef við bjóðum ekki upp á sambærilega lífeyristryggingu með jöfnum lífeyrisgreiðslum munum við fá viðeigandi reiknigrunna staðfesta af óháðum fagmanni.

- (b) Ef tímabundin lífeyrir er greiddur í tilfelli snemmtöku lí-

feyris (sjá gr. 1.7) er tryggingaskuld samningsins ásamt vaxtaberandi uppsafnaðri ágóðahlutdeild (sjá a-lið 3. mgr.), lokaágóðahlutdeild (sjá b-lið 3. mgr.) og úthlutaður verðmatssjóður (sjá 6. mgr.) færðir til jafngreiðslu á grundvelli eftirfarandi reiknigrunna.

Tryggingafræðilegir vextir fyrir tímabundin lífeyri samsvara tryggingafræðilegum vöxtum fyrir ævilangan lífeyri. Kostnaður við töku lífeyris nemur 1,5% af reiknuðum lífeyri. Auk þess fellur til árlegur stjórnunarkostnaður sem nemur 0,10% af tryggingafræðilegum tryggingaskuld sem tekinn er úr henni og lækkar þannig vexti.

- (8) Við færum þér einnig hlutdeild í ágóðahlutdeild og verðmatssjóði þegar þú tekur lífeyri (ævilangan lífeyri eða tímabundin lífeyri). Með því að taka þátt í ágóðahlutdeild hækkar lífeyririnn varanlega. Hann hækkar árlega um þann lífeyri sem náðst hefur árið áður, margfaldað með yfirlýstri hækkun lífeyris. Hlutdeild í verðmatssjóði leiðir til varanlegrar viðbótarhækkunar lífeyris. Fyrsta hækkun lífeyris á sér stað einu ári eftir að taka lífeyris hefst. Við birtum uppgefna hækkun lífeyris fyrir ævilangan lífeyri og tímabundinn lífeyri í ársskýrslu okkar. Þær geta breyst og geta einnig verið núll.

### Hversvegna getum við ekki ábyrgst ágóðahlutdeild?

- (9) Fjárhæð ágóðahlutdeilda er háð mörgum þáttum sem ekki er hægt að sjá fyrir og við getum bara haft áhrif á að takmörkuðu leyti. Áhrifaþættir eru sérstaklega þróum verðbréfamarkaða, vátryggingaráhættan og kostnaður. Fjárhæð ágóðahlutdeilda er því ekki hægt að tryggja. Hún getur líka verið 0 EUR.

### Hvernig upplýsum við um ágóðahlutdeild?

- (10) Við birtum skilgreinda ágóðahlutdeild í ársskýrslu okkar. Við sýnum hana eftir gjaldskrá og gildisdagsetningu. Þú getur séð og hlaðið niður ársskýrslu okkar á heimasíðu okkar [www.vpv.de](http://www.vpv.de) eða beðið um hana frá okkur.
- (11) Við munum upplýsa þig um virði tryggingar þinnar árlega. Þegar við gerum það þá tökum við tillit til ágóðahlutdeilda sem tilheyra þínum samning

## § 3

### Hvenær byrjar tryggingarvernd?

Tryggingasamningur þinn byrjar þegar þú hefur gert samninginn við okkur. Hinsvegar, þá byrjar engin tryggingarvernd fyrr en á þeirri gildisdagsetningu sem tiltekin er í tryggingarskírteini. Skylda okkar til að greiða út réttindi getur breyst ef að þú greiðir ekki iðgjöld á réttum tíma (gr. 7.2, gr. 7.3 og gr. 10).

## § 4

### Hvaða reglum skal fylgja þegar gerð er krafa úr tryggingunni?

- (1) Ef réttindi er krafist úr samningnum þá getum við óskað eftir fá tryggingaskírteini og vottorð sem tiltekur fæðingardag hins vátryggða auk upplýsinga sem tilteknar eru í gr. 15.
- (2) Áður en við greiðum hverja lífeyrisgreiðslu getum við krafist opinbers vottorðs á okkar kostnað um að hinn vátryggði sé á lífi.
- (3) Andlát hins vátryggða verður að vera tilkynnt til okkar strax (þ.e. án ástæðulausrar tafar). Ennfremur þarf að senda okkur opinbert dánarvottorð sem tiltekur aldur og fæðingarstað. Auk þessa þarf að senda okkur læknisvottorð eða opinbert vottorð sem tiltekur dánarorsök. Slíkt vottorð þarf að tiltaka upphaf og þróun þeirra veikinda, ef við á, sem leiddu til dauða hins vátryggða.
- (4) Við getum óskað frekari gagna og upplýsinga ef þær eru nauðsynlegar fyrir okkur til að meta greiðsluskyldu okkar. Kostnaður vegna þessa fellur á þann sem gerir kröfuna.
- (5) Okkar bætur gjaldfalla þegar við höfum lokið nauðsynlegri

skoðun til þess að ákvarða tjónsatburð og skyldu okkar til að greiða bætur. Misbrestur á að útvega okkur gögn skv. gr. 4.1 til gr. 4.4 getur leitt til þess að við getum ekki ákvarðað hvort, og að hvaða marki, okkur ber að greiða bætur. Slíkur misbrestur getur leitt til þess að tjónskrafan verður ekki gjaldkræf.

- (6) Ef að millifæra þarf tjónsbætur út fyrir Evrópska efnahags-svæðið ber réttihafi bótanna alla áhættu og kostnað á slíkri millifærslu.

## § 5

### Hver er þýðing tryggingarskírteinis?

- (1) Við getum sent þér tryggingarskírteini á skriflegu formi (þ.e. á pappír eða tölvupóst). Ef við gefum það út á skjalfestu formi þá virkar það sem vottorð. Þú getur krafist að það sé gefið út á skjalfestu formi.
- (2) Við getum litið á handhafa skjalfests tryggingarskírteinis sem réttihafa að þeim réttindum sem samningurinn veitir, þá sérstaklega til þess að móttaka tryggingagreiðslur. Hinsvegar getum við krafist þess að handhafi skírteinisins sanni eignarhald sitt á tryggingunni.

## § 6

### Hverjir geta fengið bætur?

- (1) Sem tryggingartaki, þá getur þú ákveðið hver á rétt til bóta. Ef þú tiltekur það ekki greiðum við bætur til þín eða erfingja þinna.

### Réttur til bóta

- (2) Þá getur á afturkallanlegan eða óafturkallanlegan máta tilnefnt aðra manneskju til þess að fá bætur (réttihafi). Ef þú tilnefnir réttihafa á **afturkallanlegan** máta fær réttihafi eingöngu bætur þegar tryggingaratburður gerist. Þar af leiðandi getur þú afturkallað tilnefningu þína fram að tryggingaratburði. Þegar við greiðum jafngreiðslur lífeyris telst hver greiðsla sjálfstæður tryggingaratburður. Þú getur gert þessa tilnefningu réttihafa á tafarlausan og **óafturkallanlegan** máta. Þegar okkur hefur borist slík tilnefning þín getur réttur til tryggingarinnar eingöngu verið breytt með samþykki þess réttihafa.

### Framsal og loforð

- (3) Þú getur framselt og lofað réttinum til bóta í heild sinni eða hluta til þriðja aðila fram að tryggingaratburði að því marki sem slíkt sé lagalega heimilt.

### Tilkynning

- (4) Veiting eða afturköllun á réttinum til bóta (2.mgr.) auk framsals og loforðs (3.mgr.) verður bara virk ef þau hafa verið tilkynnt okkur skriflega (á pappír eða tölvupósti) af fyrri réttihafa. Sem almenn regla, þá er fyrri réttihafi þú sjálfur sem tryggingartaki okkar. Hinsvegar gæti það verið önnur persóna sem þú hefur áður tilnefnt sem réttihafa (þ.e. óafturkallanleg tilnefning réttihafa, framsal eða loforð)

## § 7

### Hvers þarf að gæta við iðgjaldsgreiðslur?

- (1) Iðgjöld til þíns samnings gjaldfalla mánaðarlega. Iðgjöld eru alltaf reiknuð og reikningsfærð í EUR.
- (2) Þér ber að greiða upphafsíðgjald (Einlösungsbeitrag) strax (þ.e. án ástæðulauss dráttar) eftir samningsgerð en þó ekki fyrir samþykktan upphafsdag sem samþykktur er af þér og er tiltekin í tryggingarskírteini. Öll önnur iðgjöld (regluleg iðgjöld) gjaldfalla í byrjun hvers samþykkt tryggingartímabils. Tryggingartímabilið er einn mánuður.
- (3) Þú telst hafa greitt iðgjaldið á réttu tíma ef þú gerir allt sem í

þínu valdi stendur til þess að við fáum iðgjaldið á gjalddaga þess (2.mgr.). Ef að samþykktur greiðslumáti er beingreiðsla frá banka telst iðgjald hafa verið réttilega greitt á tíma í eftirfarandi tilfellum:

- > Hægt var að sækja greiðsluna á gjalddaganum og;
- > Þú hefur ekki mótmælt gjaldfærslu. .

Ef við gátum ekki sótt greiðsluna og það var ekki þér að kenna, þá telst iðgjaldið réttilega greitt ef það er gert strax eftir að við biðjum um greiðsluna. Ef þú ert ábyrgur fyrir því að greiðsla iðgjaldsins fer ekki fram þá höfum við rétt til þess að krefjast iðgjalds fyrir utan fyrirkomulagið um beingreiðslur.

- (4) Þér ber að greiða iðgjaldið á þína áhættu og kostnað.
- (5) Séu bætur gjaldfallnar úr tryggingunni munum við skuldjafna ógreiddar iðgjaldsgreiðslur frá bótum.

## § 8

### Hvernig er aukalegt iðgjald greitt?

- (1) Hægt er að greiða aukalegt iðgjald til samningsins ef það er heimilt í viðbótarsamkomulaginu við VPV Future Pension Classic. Aukalegt iðgjald verður lagt við samning þinn að frádregnum öflunarkostnaði og umsýslukostnaði á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að það var greitt. Aukalegt iðgjald þjónar þeim tilgangi að auka samningseign þína. Sami útreikningsgrundvöllur er notaður á samningseignina áfram. Myndun jafnra lífeyrisgreiðslna er í samræmi við gr. 2.7.
- (2) Tímasetning og fjárhæð aukalegrar iðgjaldagreiðslu er ákvörðuð í samræmi við þann feril sem lýst er í viðbótarsamkomulaginu við VPV Future Pension Classic.

## § 9

### Hvernig geta iðgjaldsgreiðslur verið hækkaðar og lækkaðar?

- (1) Iðgjald þíns samnings getur verið hækkað og lækkað ef það er heimilt í viðbótarsamkomulaginu við VPV Future Pension Classic. Leiðbeiningar til þess er að finna í ferli sem lýst er í viðbótarsamkomulaginu við Future Pension Classic.

### Hækkun iðgjalds

- (2) Hækkun iðgjalds eykur réttindi þín. Reiknigrundvöllur í samræmi við gr. 1.3 verður notaður. Jafngreiðslur verða myndaðar í samræmi við gr. 2.7. Ákvæði 13. gr. kveða á um þann kostnað sem iðgjaldshækkun hefur í för með sér.
- (3) Tryggður lífeyrir eykst í samræmi við hækkun iðgjalds.

### Lækkun iðgjalds

- (4) Ef að iðgjaldsgreiðslur lækka þá má mega nýjar tryggðar jafngreiðslur úr samning þínum ekki verða lægri en 300 EUR á ári. Ef þeirri fjárhæð verður ekki náð fellur samningur þinn úr gildi (sjá gr. 12).

### Annað

- (5) Hækkaða eða lækkaða iðgjaldið gjaldfellur frá fyrsta næsta mánaðar.

## § 10

### Hvað gerist ef iðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

#### Upphafsiðgjald

- (1) Ef þú greiðir ekki upphafsiðgjald á tíma, þá getum við, svo fremi sem greiðslan hefur ekki verið framkvæmd, rift samningnum. Við getum ekki rift ef þú sýnir okkur fram á að þú varst ekki ábyrgur fyrir greiðslufallinu.
- (2) Ef að upphafsiðgjald hefur ekki verið greitt þegar tryggingaratburð ber að hendi höfum við ekki skyldu til þess að greiða bætur. Þetta gildir eingöngu ef við höfum bent þér skriflega á lagalegar afleiðingar þess (þ.e. með bréfi eða tölvupóst) eða með texta á tryggingarskírteini. Hins vegar þá helst skylda

okkar til að greiða bætur ef þú sýnir okkur fram á að þú varst ekki ábyrgur fyrir greiðslufallinu.

### Regluleg iðgjöld

- (3) Ef að þú greiðir ekki regluleg iðgjöld á gjalddaga þá getum við gefið út greiðsluáskorun á þinn kostnað. Frestur greiðsluáskorunar verður að vera að minnsta kosti 2 vikur.
- (4) Verði tryggingaratburður eftir að gefin greiðslufrestur hefur runnið út og iðgjaldið er enn ógreitt, takmarkast tryggingarverndin eða fellur niður. Skilyrði þessa er að við höfum þá upplýst þig um viðeigandi lagalegar afleiðingar þegar við gáfum greiðsluáskorunina út.
- (5) Eftir að greiðsluáskorunafrestur rennur út þá getum við rift samningnum án frekari frests ef iðgjald, vextir og kostnaður er enn í vanskilum. Forsenda þess er að við höfum upplýst þig um þær lagalegu afleiðingar þegar við gáfum út greiðsluáskorunina. Við getum gefið út yfirlýsinguna um riftun þegar við gefum út greiðsluáskorunina. Riftunin verður þá sjálfkrafa virk þegar greiðslufresturinn rennur út og iðgjaldið enn ógreitt. Við verðum líka að upplýsa þig um þær lagalegu afleiðingar.
- (6) Þú getur greitt umbeðið iðgjald síðar, jafnvel þótt að riftun hafi orðið virk. Slík greiðsla getur þó eingöngu átt sér stað:
  - > innan mánaðar frá tilkynningunni um riftun eða;
  - > ef riftun hefur verið lýst yfir við lok gjaldfrests, þá innan mánaðar frá því gjaldfrestur rann út.
 Ef þú greiðir innan þessara tímarka, fellur riftunin úr gildi og samningurinn heldur áfram. Verði tryggingaratburður á tímanum frá því að gjaldfrestur rann út og iðgjaldið var greitt, glatast rétturinn til bóta að hluta eða öllu leyti

## § 11

### Hvenær getur þú sagt upp samningnum og hvaða réttindi veitum við?

#### Uppsögn

- (1) Þú getur sagt samning þínum skriflega upp (á skiljanlegan máta með bréfi eða tölvupóst) hvenær sem er áður en lífeyrisgreiðslur byrja í enda gildandi tryggingartímabils (sjá gr. 7.2.3). Þú getur ekki sagt samningnum upp ef ævilangar lífeyrisgreiðslur hafa hafist.

#### Greiðslur vegna uppsagnar

- (2) Við greiðum eftir uppsögn:
  - > endurkaupsvirðið (3. og 5. mgr.)
  - > að teknu tilliti til frádráttar uppsagnarkostnaðar (4.mgr.). Við vísum til endanlegrar fjárhæðar sem endurkaupsverð með uppsagnarkostnaði.
  - > Að auki greiðum við útistandandi ágóðahlutdeildir sem úthlutaðir eru til samnings þíns (6.mgr.).
 Eftirstöðvar ógreiddra iðgjald verða dregnar frá þessu.

#### Endurkaupsverð

- (3) Samkvæmt 3. mgr. 169. gr. þýsku laganna um váttryggingarsamninga (VVG) er endurkaupsvirðið tryggingafræðileg tryggingaskuld samningsins reiknuð út í samræmi við viðurkenndar tryggingafræðilegar reglur þar sem tryggingafræðilegur grunnur iðgjaldauttreiknings á gildistökudegi uppsagnar á sér stað. Endurkaupsvirðið er þó a.m.k. sú fjárhæð tryggingafræðilegu tryggingaskuldarinnar sem leiðir af jafnri dreifingu gjaldfærðs kostnaðar við öflun og dreifingu á fyrstu fimm árum samningsins. Farið er eftir þýskum eftirlitsreglum (sjá gr.13.2.4) hvað varðar hámarks beitingu Zillmer aðferðafræði.

#### Frádráttur vegna uppsagnar

- (4) Við munum draga EUR 100 frá endurkaupsverðinu skv. 3.mgr. sem uppsagnarkostnað til að mæta aukinni umsýslu okkar. Tilvísun okkar til endurkaupsverðs miðast við að búið sé að draga uppsagnarkostnaðinn frá. Við berum sönnunarbýrðina fyrir því að uppsagnarkostnaðurinn sé sanngjarn.

Við teljum hann vera sanngjarnan. Ef þú sýnir okkur fram á að uppsagnarkostnaður ætti að vera verulega lægri í þínu tilfalli þá verður hann minnkaður til samræmis. Ef þú sýnir okkur fram á að uppsagnarkostnaðurinn ætti ekki að eiga við í þínu tilfalli, þá mun hann ekki verða felldur á.

### Minnkun endurkaupsverðs í sérstökum tilfellum

(5) Samkvæmt gr. 169.6 í þýsku váttryggingasamningalögunum (VVG) höfum við heimild í samhengi við 3.mgr. að lækka endurkaupsverðið á viðeigandi máta að því marki að það sé nauðsynlegt til gæta öryggis tryggingataka okkar, sérstaklega í því skyni að uppfylla varanlega skyldur okkar skv. öllum okkar tryggingasamningum. Þessi lækkan er takmörkuð við eitt ár í hvert sinn.

### Þáttaka í ágóðahlutdeild

(6) Endurkaupsverð eftir uppsögn er aukid með ágóðahlutdeild. Það samanstendur af:

- > reglulegri ágóðahlutdeild sem þegar hefur ánöfnuð til samnings þíns, að því marki sem hún er ekki innifalin í fjárhæðinni sem reiknuð er skv. 3. og 5. mgr.,
- > lokaágóðahlutdeild samkvæmt gr. 2.3 (b) og
- > hlutdeild í virðismismunarsjóð sem færa ber til samnings þíns í samræmi við gr. 2.6.

(7) **Að hætta við samning þinn getur haft ókosti fyrir þig. Á upphafstímabili samnings þíns eru aðeins litlar upphæðir tiltækar sem endurkaupsverð vegna fjármögnunar á sölu- og dreifingarkostnaði (sjá gr. 13). Jafnvel á næstu árum er endurkaupsverðið ekki endilega jafnt summu greiddra iðgjalda. Frekari upplýsingar um endurkaupsverði skv. 3. mgr. og endurkaupsverði eftir frádrátt og að hve miklu leyti það er tryggt er að finna í töflunni sem fylgir váttryggingarskírteininu.**

### Engin endurgreiðsla iðgjalda

(8) Þú getur ekki krafist endurgreiðslu iðgjalda

## § 12

### Hvenær getur þú gert samning þinn iðgjaldafrián og hvaða áhrif hefur það á réttindi þín?

(1) Í stað þess að senda uppsögn í samræmi við gr. 11.1, getur þú hvenær sem er óskað á skriflegan máta (þ.e. á pappir eða tölvupósti) að losna undan því að greiða iðgjald í tilfalli lífeyristryggingar með reglulegu iðgjaldi frá þeirri dagsetningu sem tiltekinn er. Þá lækkuð við umsamin lífeyri niður í iðgjaldsfrjálsan lífeyri. Þetta er reiknað út samkvæmt eftirfarandi viðmiðunum:

- > í samræmi við viðurkenndar reglur tryggingastærðfræðinnar með reiknigrunni iðgjaldaútreiknings,
- > í lok yfirstandandi tryggingartímabils og
- > á grundvelli endurkaupsverðs í samræmi við § 11 para. 3

(2) Sú fjárhæð sem fæst samkvæmt samningi um myndun iðgjaldsfrjáls lífeyris skal lækka sem nemur vanskilaiðgjöldum. Við munum ekki draga frá neitt uppsagnargjald.

(3) **Ef þú gerir samning þinn iðgjaldsfrían getur það haft ókosti fyrir þig. Á upphafstímabili samnings þíns eru aðeins litlar upphæðir tiltækar til að mynda iðgjaldsfrían lífeyri vegna fjármögnunar á sölu- og dreifingarkostnaði (sjá gr. 13). Jafnvel á næstu árum þarf ekki endilega að vera til fjármagn sem nemur fjárhæð iðgjalda, sem greidd eru til myndunar iðgjaldsfrjáls lífeyris. Nánari upplýsingar um iðgjaldsfrjálsa lífeyrinn og upphæð hans er að finna í meðfylgjandi töflu með váttryggingarskírteini þínu.**

### Afturköllun iðgjaldafris

(4) Þú getur hætt við iðgjaldafriði innan þriggja ára frá upphafi þess að því gefnu að tryggður lífeyrir þegar iðgjaldsgreiðslur eiga að hefjast á ný nemi að lágmarki EUR 300 á ári.

### Hvernig er kostnaður við samning þinn fjármagnaður?

(1) Það er kostnaður samfara samning þínum. Hann er innifalin í iðgjaldi þínu. Þetta er sölu- og dreifingarkostnaður ásamt öðrum gjöldum.

**Öflunar- og sölukostnaður** gengur sérstaklega til umboðslauna váttryggingamiðlara. Að auki gengur öflunar- og sölukostnaður til þess að fjármagna yfirferð okkar á tryggingarumsóknum, skjalagerð tryggingasamninga, kostnað við umsóknarferli og auglýsingar. **Annar kostnaður** er umsýslukostnaður.

Fjárhæð reiknaðs öflunar- og sölukostnaðar auk annars kostnaðar og umsýslugjalds er að finna í samningsgögnum (skjalinu „tryggingarumsókn“).

(2) Við beituð útreikningsaðferð í samræmi við kafla 4 í þýsku tryggingafræðilegu varasjóðsreglugerðinni á samning þinn. Þetta þýðir að við notum fyrstu iðgjöld þín til að standa straum af stofn- og dreifingarkostnaði. Þetta á þó ekki við um þann hluta fyrstu iðgjalda sem ætlaður er til bóta vegna váttryggs atburðar, kostnaðar við váttryggingastarfsemi á viðkomandi tryggingartímabili og vegna settra reglna um myndun váttryggingaskuldar í framtíðinni. Upphæðin sem afskrifuð er með þessum hætti takmarkast við 2,5% af þeim iðgjöldum sem þér ber að greiða á samningstímanum (hámarks zillmer-hlutfall) samkvæmt þýsku reglugerðinni um tryggingafræðilega tryggingaskuld.

(3) Eftirstandandi kostnaði er dreift yfir allan samningstímann.

(4) Kostnaðarfjármögnunin sem lýst er hér að ofan þýðir að aðeins litlar fjárhæðir eru tiltækar fyrir endurkaupsverð eða til myndunar iðgjaldsfrjáls lífeyris á upphafstímabili samnings þíns (sjá gr. 11 og 12). Nánari upplýsingar um endurkaupsverð, iðgjaldsfrjálsra lífeyrisgreiðslna og fjárhæðir þeirra er að finna í töflunni sem fylgir tryggingarskírteininu þínu

## § 14

### Hvað gildir ef þú breytir pósthfangi þínu eða nafni?

(1) Þú þarft að láta okkur strax vita (þ.e. án ástæðulausrar tafar) ef þú breytir pósthfangi þínu. Að öðrum kosti getur þú orðið fyrir óþægindum. Við höfum heimild til þess að senda yfirlýsingu til þín (t.d. greiðsluáskorun) með ábyrgðarbréfi á síðasta þekktu pósthfang þitt. Í slíku tilfalli telst yfirlýsing okkar hafa borist þér þremur dögum eftir að við sendum hana. Þetta gildir líka ef tryggingartaki er lögaðili og flytur aðsetur sitt.

(2) 1. mgr. gildir á sambærilegan máta ef þú breytir nafni þínu.

## § 15

### Hver er önnur upplýsingaskylda þín?

(1) Ef okkur ber lagaleg skylda til þess að afla, geyma, vinna eða gefa skýrslur eða gögn sem tengjast samning þínum ber þér að útvega okkur upplýsingar, gögn og skjöl sem þörf er á í þeim tilgangi:

- > við samningsgerð;
- > í tilfalli breytinga eftir samningsgerð eða;
- > þegar krafist er strax (þ.e. án ástæðulausrar tafar). Þér ber einnig að sýna samvinnu við þriðja aðila sem réttindi hafa til samnings þíns hvað varðar gagnaöflun þeirra og skýrslugerð.

(2) Nauðsynlegar upplýsingar í skilningi 1. mgr. eru t.d. aðstaða sem tengist mati á:

- > persónulegu skattfesti þínu;
- > skattfesti þriðju persónu sem hefur réttindi úr samning þínum og;
- > skattfesti þjónustuþega, sem getur verið mikilvægt.

Þetta á sérstaklega við þýsk eða erlend skattaeinkennisnúmer, fæðingardagsetning, fæðingarstaður og dvalarstaður. Þú getur fundið út í smáatriðum hvaða aðstaða þetta er hvað varðar nógildandi lög, í viðfestum skattaupplýsingum.

(3) **Í því tilfalli að þú útvegar okkur ekki nauðsynlegar up-**

**plýsingar, gögn eða skjöl, eða útvegar ekki í tíma, þá gildir eftirfarandi: í tilfelli viðeigandi lagalegra skyldna þá munum við senda samningsupplýsingar til viðkomandi skattayfirvalda innanlands eða utan. Þetta gildir líka þótt að skattfesti sé ekki erlendis.**

**(4) Misbrestur á skyldu þinni til að veita okkur upplýsingar í samræmi við 1. og 2. mgr. getur leitt til þess að við greiðum ekki bætur. Það gildir þangað til þú hefur útvegað okkur þær upplýsingar sem þarf til að við stöndum við lagalegar skyldur okkar.**

## § 16

### Hvaða kostnað getum við innheimt sérstaklega?

- (1) Í eftirfarandi tilfellum getum við innheimt af þér sérstök einkisgjöld:
  - > útgáfa nýs tryggingaskírteinis;
  - > útgáfa greiðsluáskorunar vegna vanskila;
  - > endurgreiðsla vegna beingreiðslu banka;
  - > framkvæmd breytinga á samning;
  - > vinnsla á framsölum eða loforðum;
  - > leit að heimilisfangi;
  - > deiling á þínum samning innan lífeyrisjöfnunar.
- (2) Við byggjum einkisgjöld okkar á þeim kostnaði sem við verðum fyrir og þekkjum. Ef þú sýnir okkur fram á að kostnaðarforsendur sem við göngum út frá eigi ekki við í þínu tilfelli munum við ekki draga kostnaðinn frá þér. Ef þú sýnir okkur fram á að fjárhæð gjalda ætti að vera mun lægri í þínu tilfelli munum við lækka gjaldið til samræmis. Núverandi gjaldtaka okkar er tiltekin í samningsgögnum (skjalinu „tryggingaumsókn“)

## § 17

### Hvaða lög gilda um samning þinn?

Lög sambandslýðveldisins Þýskalands gilda um samning þinn

## § 18

### Hvaða dómstóll hefur lögsögu?

- (1) Sá dómstóll þar sem við höfum aðalskrifstofu, eða útibú þaðan sem við gerum samninginn, hefur lögsögu yfir málsókn gegn okkur sem varðar samninginn. Sá dómstóll þar sem þú ert búsettur þegar þú höfðar mál gegn okkur skal líka hafa lögsögu. Ef þú hefur ekki skráða búsetu skal raunbúseta gilda. Ef þú ert löggjafi, þá skal dómstóll þar sem þú hefur aðalskrifstofu eða útibú hafa lögsögu.
- (2) Ef við höfðum mál gegn þér vegna samningsins munum við gera það á heimavarnarþingi þínu. Ef þú hefur ekki skráða búsetu höfðum við málið hjá þeim dómstól þar sem þú hefur raunbúsetu. Ef þú ert löggjafi höfðum við málið á heimavarnarþingi aðalskrifstofu þinnar eða útibús.
- (3) Ef þú hefur fært lögheimili þitt eða raunbúsetu til ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins hefur dómstóll þar sem við höfum aðalskrifstofu lögsögu í málinu.

## § 19

### Hvern getur þú haft samband við ef þú ert óánægður með þjónustu okkar?

- (1) Ef þú ert óánægður með ákvarðanir okkar eða þá að samningaumleitunir við okkur hafa ekki leitt til niðurstöðu sem þú óskaðir, getur þú leitað til eftirfarandi aðila og lagt inn kvörtun.

### Umboðsmaður váttryggingartaka

- (2) Ef að þú ert almennur neytandi getur þú leitað til umboðsmanns váttryggingartaka. Núverandi tengiupplýsingar við hann eru eftirfarandi:

Versicherungsombudsmann e.V.  
Postfach 080632  
10006 Berlin  
Þýskalandi  
Tölvupóstur: beschwerde@versicherungsombudsmann.de  
Veffangt: www.versicherungsombudsmann.de

Umboðsmaður váttryggingartaka er sjálfstæður sáttaaðili sem vinnur frítt fyrir almenna neytendur. Við höfum skuldbundið okkur til þess að taka þátt í sáttameðferð hans.

- (3) Ef að þú ert almennur neytandi og hefur gert þennan samning á rafrænan máta, þ.e. í gegn um vefsíðu eða tölvupóst, þá getur þú komið kvörtun þinni á framfæri á vefsíðunni <http://ec.europa.eu/consumers/odr/>. Kvörtun þinni verður þá komið til umboðsmanns váttryggingartaka.

### Fjármálaeftirlitið

- (4) Ef að þú ert ekki ánægður með þjónustu okkar eða þá að ágreiningur rís um framkvæmd samningsins getur þú haft samband við það fjármálaeftirlit sem við heyrum undir. Sem váttryggingafélag þá lútum við eftirliti þýska fjármálaeftirlitsins. Núverandi tengiupplýsingar eru:

Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht (BaFin)  
Sektor Versicherungsaufsicht  
Graurheindorfer Straße 108  
53117 Bonn  
Þýskalandi  
Tölvupóstur: poststelle@bafin.de

Vinsamlega athugaðu að BaFin er ekki sáttaaðili og getur ekki tekið ákvarðanir vegna einstakra deilumála.

### Lagaleg úrræði

- (5) Þú hefur alltaf rétt til þess að grípa til lagalegra úrræða.

### Kvörtunarþjónusta okkar

- (6) Þrátt fyrir allt framangreint hefur þú alltaf rétt til þess að hafa samband við okkur hvenær sem er. Kvörtunarþjónusta okkar er til reiðu fyrir þig. Núgildandi tengiupplýsingar eru:

Með bréfpósti:  
VPV Versicherungen  
Postfach 31 17 55  
70477 Stuttgart  
Þýskalandi

símleiðis:  
+49 711/13 91 63 99

með tölvupósti:  
meine.Beschwerde@vpv.de

## § 20

### Hvað gerist ef einhver samningsákvæði eru ógild?

- (1) Ef að samningsákvæði í þessum skilmála er að hluta eða öllu leyti ógild þá hefur það ekki áhrif á önnur samningsákvæði sem halda áfram gildi sínu.
- (2) Ef að samningsákvæði í þessum skilmála hefur verið dæmt ógilt af áfrýjunardómstól eða endanlegri stjórnsluákvörðun getum við skipt því út með nýju samningsákvæði sbr. heimild í gr. 164.1 í þýsku váttryggingasamningalögnum (VVG) ef það er nauðsynlegt til áframhalds samningsins eða þá að hið ógild ákvæði veldur samningsaðila óréttmætu óhagræði, jafnvel þótt tekið sé tillit til hagsmuna annarra samningsaðila. Nýtt samningsákvæði skal aðeins vera gilt ef það te-

kur tillit til tryggingartaka jafnhliða því að tryggja markmið samningsins. Nýtt samningsákvæði tekur gildi tveimur vikum eftir að það hefur verið sett og tilkynnt til þín ásamt þeirri ástæðu sem leiddi til þess.